

Fundargerð stjórnarfundar 30.01.08 kl 20:00

Mættar: Hrafnhildur Harpa, Ragnheiður Þóra, Petra Rós, Sólný, Sigurbjörg, Hjördís og Elísabet.

1. Veita skólanum aðhald. Málin rædd frá ýmsum hliðum. Meðal annars rætt um tilkynningar vegna lokunar skóla vegna óveðurs.
2. Bréf til Bæjarstjórnar Grindavíkur. Petra Rós tekur að sér að skrifa bréf fyrir hönd stjórnar vegna Félagsmiðstöðvarinnar Þrumunnar og þeirri óvissu sem þar ríkir um húsnæðismál og starfsmannamál/forstöðumann. Bættum við nokkrum spurningum aftan við minnismiðann sem kom fram á aðalfundinum okkar í lok síðasta árs og biðjum um skýr svör.
3. Samstarf milli skóla, íþróttahúss, sundlaugar og Þrumunnar. Að okkar mati þá er þarna ekki nógu gott samstarf varðandi upplýsingastreymi á milli staða. Þurfum að benda viðeigandi aðilum á þetta vandamál.
4. Stjórnarmaður. Vantar 1 nýjan mann inn í stjórnina okkar. Elísabet ætlaði að hætta á aðalfundi en ekki tókst að finna nýjan aðila. Núna er okkar verk að finna nýjan stjórnarmann.
5. Bekkjafulltrúanámskeið. Komið er að því að halda námskeið fyrir bekkjafulltrúa. Er verið að athuga með sameiginlegt námskeið með öllum skólum á Suðurnesjunum og þá haldið í Keflavík. Kemur í ljós von bráðar. En við þurfum að koma skikk á störf bekkjafulltrúa í skólanum okkar. Virðist ekki vera nógu gott skipulag á þeim.
6. Skólaakstur. Skólabíllinn er notaður í alltof mörg verkefni og er því ekki hægt að þjónusta skólabörnin nógu vel sem þurfa á honum að halda. T.d. eru sum börn keyrð í skólann vegna langrar veglengdar en eiga að koma sér sjálf heim því skólabíllinn er að sinna öðrum verkefnum fyrir bæjarfélagið.
7. Vinnureglur á stjórnarfundum. Tillaga um að hafa fastan fundartíma einu sinni í mánuði. Skiptar skoðanur voru um það og var á endanum ákveðið að halda þessu eins og verið hefur að kallað er til fundar þegar á þarf að halda.
8. Skólaheimsóknir/foreldraheimsóknir. Koma til skila ábendingum sem við höfum fengið varðandi þessar heimsóknir. Að biðja kennara um að koma betri skilaboðum til foreldra um þessar heimsóknir. Til hvers er ætlað og gefa betri upplýsingar. Ekki krefja foreldra um að koma með einhver verkefni í heimsóknina heldur leyfa þeim að hafa val um það.
9. Veikindafrí. Hrafnhildur Harpa formaður er að fara í veikindafrí og tekur Petra Rós við hennar störfum sem formaður á meðan.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 21:50

Petra Rós ritari, ritaði fundinn